

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 44/2012

2012/EES/43/11

frá 30. mars 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/74/ESB frá 29. júlí 2011 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB um tiltekna aðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur eignum í því skyni að laga viðaukann að tækniþróunum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 4a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB) í XI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32011 L 0074:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/74/ESB frá 29. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/74/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 9, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 32.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.